

Útdráttur úr tveimur brjefum landshöfðingja til amtmanns- 56
ins í suðuramtinu og vesturamtinu um hlunnindi handa sparisjóðum. — 2. marz

Með brjefum þessum voru nýstofnuðum sparisjóði í Ólafsvík og sömuleiðis nýstofnuðum sparisjóði í Dalasýslu veitt hlunnindi þau, er um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874, báðum fyrst um sinn um fimm ára tímabil, er teljist frá 1. apríl 1892. Veitingin var bundin venjulegum skilyrðum (sjá t. d. Stjt. 1890 B, nr. 187, bls. 201).

Brjef landshöfðingja til stiðtsýfirvaldanna um stofnun gagn- 57
fræðakennslu við lærða skólann o. fl. — Eins og yður, herra amtmað. 16. marz
 ur og háæruverðugi herra, mun vera kunnugt, var á síðasta alþingi samþykkt af báðum deildum þingsins að skora á landsstjórnina að sjá um:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að læri-sveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann;
 og ennfremur hefur nedri deild þingsins látið þá ósk í ljósi:
3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, svo sem nauðsynlegt er, til þess að gagnfræðakennslunni verði viðkomið, sjerstaklega í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

Aðalatriðið í frammanefndri þingsályktun er, að komið verði á gagnfræðakennslu í lærða skólanum, og er það í fullu samræmi við fyrirmælin í 18. gr. í reglugjörð skólans 12. júlí 1877, þar sem segir, að jafnskjótt sem því verði viðkomið, skuli innleiða gagnfræðakennslu við lærða skólann, og að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli gjöra hinar nákvæmari ráðstafanir til þessa. Hins vegar gefa umræðurnar um þetta mál á alþingi mjög litla vísbending um það, hvernig þingið í heild sinni eða einstakir þingmenn hafa hugsað sjer fyrirkomulagið á hinni umgetnu gagnfræðakennslu í lærða skólanum, en fyrirkomulagið gæti verið með ýmsu móti, svo sem: að bætt væri við skólann nýjum bekkjum tveimur eða fleiri, þar sem kennd væri eingöngu gagnfræði, en kennslan í skólanum væri að öllu öðru leyti hin sama sem hingað til hefur verið, eða að bæði þeir sem stunda gagnfræðanámið og hinir sem stunda lærða námið væru saman í þeim námsgreinum, sem eru sameiginlegar fyrir báða, en í gagnfræða-bekkjunum væru að eins kenndar þær námsgreinar, sem væru sjerstakar fyrir gagnfræðanemendur eða kenndar þeim á annan hátt eða í öðrum mæli, en þeim, sem stunda lærða námið, eða loks að gagnfræðakennslunni væri steypt saman við lærðu kennsluna, þannig að gagnfræðakennslan væri lægra stig en lærða kennslan æðra stig í sama skólanum, að gagnfræða-menntunin auk þess að vera sjerstakt menntunarstig væri jafnframt undirbúningsstig undir hina æðri, lærðu menntun.

Híð síðarnefnda fyrirkomulag hefði að minni hyggju þann mikla kost, að þá mætti kenna námsgreinarnar smátt og smátt, hinar auðveldari fyrst og

57 hinar þyngri síðar, í stað þess að nú eru flestar námsgreinarnar kenndar jafnframt, að minnsta kosti í 4 neðstu bekkjum skólans, svo að sumar þeirra hljóta að verða á hakanum, að því er tímafjöldann snertir. Til þess að koma þessu fyrirkomulagi á, mundi þurfa að bæta við skólann einum eða tveimur nýjum bekkjum, — en til þess að fá húsrúm handa þeim í skólahúsinu mætti afnema heimavistina —, og auka kennslukraptana að því skapi, en þá ætti heldur ekki að heimta önnur skilyrði fyrir inntöku í skólann, að því er kunnáttu snertir, en þau, sem heimtuð eru fyrir inntöku í gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, sbr. reglugjörð 28. júlí 1882, 3. gr. d og e, og þá fjelli undirbúningskennsla undir lærða skólann burtu. Í 3 eða 4 neðstu bekkjum skólans (eptir því hvort aukið væri við hann 1 eða 2 bekkjum) skyldi kenna: skript, dráttlist, íslenzku, dönsku, ensku, trúarbrögð, náttúrusögu (sbr. reglugjörð Möðruvallaskólans 2. gr.), stærðfræði (reikning og flatamálsfræði), landafræði og sögu (sjerstaklega lýsing og sögu Íslands), þannig að gagnfræðanáminu væri lokið á 3—4 árum, og síðan haldið aðalpróf, sem væri burtfararpróf fyrir gagnfræðanemendur, og fyrir þá, sem vildu halda náminu áfram, jafnframt (með tilteknum stigafjölda) skilyrði fyrir uppflutning í 4. (5.) bekk skólans. Kennslunni í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum ætti að haga að öllu leyti eins og gagnfræðakennslunni í lærða skólanum, og burtfararpróf frá honum (með tilteknum stigafjölda) veita rjett til upptöku í 4. (5.) bekk lærða skólans — skriflegu spurningarnar við áminnt próf hinar sömu í báðum skólunum. Í 4 efstu bekkjum lærða skólans skyldi síðan halda áfram kennslu í íslenzku, dönsku, sögu og stærðfræði á fullkomnara stigi, og ennfremur kenna: latínu, grísku, þýzku, frakknesku og eðlisfræði, hinar síðastnefndu tvær námsgreinar þó að eins í 2 efstu bekkjunum. Söng og leikfimi (eða Slöjd) skyldi kenna í öllum bekkjum skólans.

Að þessu fyrirkomulagi mun það verða fundið, að námið í latínu og grísku og ef til vill í þýzku yrði ófullkomnara, en það er nú í lærða skólanum, þar sem þessar námsgreinar nú eru kenndar: gríska í 5 bekkjum og latína og þýzka í öllum bekkjum, latína þaradæki undir skóla; en á hinn bóginn kemur til greina í því efni, að þó að þessi 3 mál væru kennd að eins í 4 efstu bekkjunum, þá væru lærisveinarnir, þegar þeir byrja námið í þeim, svo miklu andlega þroskaðri og hæfari til náms, búnir að fá svo góða þekking á málfræðislegum hugmyndum, og loks hinar aðrar kennslugreinar svo miklu færri en nú, að það ætti ekki að vera nein ofætlun, hvorki gagnvart kennurum nje lærisveinum, að gjöra ráð fyrir, að þekkingin í þessum málum yrði ekki að neinum mun minni við burtförina úr skólanum, heldur en hún er nú.

Með þessum athugasemdum skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður og herra biskup, að útvega álit kennendanna við hinn lærða skóla um málefni þetta í heild þess og hin einstöku atriði, sem hljóta að koma til greina við úrslit þess, og að senda mjer síðan álitsskjal kennendanna með þóknanlegum ummælum yðar um málið.